

**1192. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 21.  
mars 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Marzellius Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jónas Þór Birgisson og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi, Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Bryndís sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

**Dagskrá:**

**1. Vestfjarðastofa - reglulegir fundir - 2021020071**

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu, mætir til reglulegs samráðsfundar Vestfjarðastofu og bæjarráðs.

*Samstarfsverkefni Ísafjarðarbæjar og Vestfjarðastofu rædd.*

**Gestir**

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu - 08:05

Sirry yfirgefur fundinn kl. 8:35.

**2. Vestri körfubolti - fjárhagserfiðleikar - 2022030095**

Lagt fram erindi Ingólfs Þorleifssonar, formanns körfuknattleiksdeildar Vestra, dags. 3. mars 2022, vegna fjárhagserfiðleika félagsins.

Ingólfur Þorleifsson og Þórir Guðmundsson mæta til fundar við bæjarráð vegna erindisins.

*Ingólfur og Þórir fara yfir fjárhagsstöðu körfuknattleiksdeildar Vestra.*

*Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.*

**Gestir**

Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tólmstundasviðs - 08:35

Dagný Finnbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri HSV - 08:35

Þórir Guðmundsson, f.h. kkd. Vestra - 08:35

Ingólfur Þorleifsson, formaður kkd. Vestra - 08:35

Ingólfur, Þórir og Dagný yfirgefa fundinn kl. 8:55.

Hafðís yfirgefur fundinn kl. 9:02.

### **3. Félag eldri borgara á Ísafirði og nágrenni - þúttvöllur Ísafirði - 2022030096**

Lagt fram erindi Sigrúnar C. Halldórsdóttur og Jens Kristmannssonar, f.h. Félags eldri borgara á Ísafirði, dags. 17. mars 2022, varðandi þúttvöll á Ísafirði og fyrirhugaða stækkun hjúkrunarheimilisins Eyrar.

*Bæjarráð þakkar fyrir erindi félags eldri borgara og felur bærstjóra að vera í góðu sambandi við félagið við ákvörðun um færslu þúttvallarins, nýja staðsetningu og tímasetningu færslu, komi til þess að viðbygging við hjúkrunarheimilið Eyri verði byggð þar sem þúttvöllurinn liggur í dag.*

*Rætt um mögulega staðsetningu vallarins á sjúkrahústúninu og að farið verði í endurskoðun skipulags þess svæðis ef völlumurinn fer þangað.*

### **4. Lánasjóður sveitarfélaga - ýmis erindi 2022 - 2022020041**

Lagt fram erindi Óttars Guðjónssonar f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga, dagsett 11. mars 2022, þar sem boðað er til aðalfundar lánasjóðsins þann 1. apríl kl. 15:00.

*Bærstjóra falið að mæta til fundar og fara með atkvæðisrétt Ísafjarðarbæjar.*

### **5. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 579 - 2202011F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 579. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, en fundur var haldinn 16. mars 2022.

Fundargerðin er í 15 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

5.2 2021010004 - Breiðadalur - Tengivirki

Deiliskipulag var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ein ábending barst sem varðaði ekki deiliskipulagið sjálft. Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að samþykkja deiliskipulag tengivirkis í Breiðadal.

5.3 2022030014 - Landsnet - Ósk um breytingu á Aðalskipulagi vegna strenglagna í Arnarfirði

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bærstjórn að heimila málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

5.5 2022030038 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Götulýsing Suðurtangi

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis lagningar hitaveitulagnar og háspennustrengjar sbr. umsókn.

- 5.6 2021090060 - Brekka á Ingjaldssandi, framkvæmdaleyfisumsókn til að loka skurðum

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir endurheimt votlendis með uppfyllingu í skurði sbr. umsókn.

- 5.9 2021110039 - Vífilsmýrar L141032, stofnun fasteignar í Önundarfíði - Vífilsmýrarlóð

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila uppskiptingu jarðarinnar Vífilsmýra sbr. umsókn.

- 5.10 2022020116 - Fífutungu 4, Ísafirði. Umsókn um lóð

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Halldór Örn Guðmundsson og Steinunn Diljá Högnadóttir fái lóðina við Fífutungu 4, Ísafirði skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

- 5.12 2022030080 - Ósk um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna jarðhitanýtingar við Laugar í

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:11**

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Tinna Ólafsdóttir

---

Birgir Gunnarsson

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir